

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR FLUGELDASÝNINGU FYRIR Björgunarfélag Árborgar, þann 2. Ágúst 2020 frá kl 23:30-23:40

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar, á Stórahól, íþróttasvæði Selfoss með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða <i>um hollustuhætti og mengunarvarnir</i> hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:	550/2018 5. gr.	
1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.	550/2018 56. gr.	

2. SKILYRÐI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluvalda fyrir sýningunni.	414/2017 14. gr.	
2.2 Skylt er að haga allri háværrari starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.	724/2008	
2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.	414/2017 14. gr.	
2.4 Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.	414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT)